



Fundargerð

31. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn

miðvikudaginn 9. Mars 2016 kl. 20:00 í sal C, á 3. hæð í Íþróttamiðstöð ÍSÍ

Mætt: Stjórnarmennirnir Einar Vilhjálmsson (EV), Lóa Björk Hallsdóttir (LBH), Jón H Steingrímsson (JHS), Fríða Rún Þórðardóttir (FRÞ) og Ingvar Hlynsson (IH). Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll. Jafnframt sat framkvæmdastjóri sambandsins Árni Þorsteinsson (ÁÞ) fundinn. JHS ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun og dagskrá fundar: Samþykkt.

2. Fundargerðir: Fundargerðir stjórnarfunda 29 og 30 liggja ekki fyrir. Samþykkt að þær verði sendar fundarmönnum í tölvupósti, samþykktar í tölvupóstsamskiptum og síðan birtar á vef FRÍ.

3. Frágangur ársreiknings ársins 2015: JHS upplýsti að unnið væri að lokafrágangi ársreiknings ársins 2015, og hann ætti að verða tilbúinn á næstu vikum. Skv. fyrstu drögum að uppgjöri ársins lítur út fyrir að reksturinn hafi verið góður á árinu og skuldir sambandsins lækkað verulega á árinu. Á þessu stigi á fyrst og fremst eftir að stemma af viðskiptastöðu sambandsins við helstu sambandsaðila, og munu JHS og ÁÞ vinna að því næstu daga. Stjórn þarf að taka ákvörðun um tvo ófrágengin mál sem varða uppgjörið.

- a) Innheimta þátttökugjalda á sambandsaðila vegna Smáþjóðaleika í Reykjavík: ÍSÍ sendi óvænt reikning á FRÍ að fjárhæð 1.950 Þús. kr. vegna þátttöku frjálsíþróttamanna í mótinu. ÍSÍ hefur hafnað því að fella þessi gjöld niður þrátt fyrir ítrekaðar kröfur EV. Stjórn FRÍ ákvað aðgera þá kröfu á sambandsaðila að félögin greiddu 25.000 kr. í þátttökugjöld fyrir hvern þátttakanda, eins og um erlent mót væri að ræða. Samtals voru gerðir reikningar á félögin að fjárhæð 1.525 Þús. kr. vegna þessa. Stærstu félögin í FRÍ hafa hafnað því að greiða þessi gjöld og telja að ekki sé lagastöð fyrir þessari innheimtu á hendur félögunum í samþykktum sambandsins. Laganefnd FRÍ hefur ekki svarað með formlegum hætti spurningunni um hvort þessi innheimta sé heimil, en óformlegt svar formanns nefndarinnar er á þá leið að innheimtan virðist ekki vera bönnuð skv. reglugerðum sambandsins, en spurning sé hins vegar hvort hún það sé siðlegt að koma í bakið á sambandsaðilum með þessa innheimtu óvænt og löngu eftir að móti lýkur. Stjórn þarf að ákveða hvort halda skuli innheimtunni til streitu eða fella niður umræddar kröfur, og láta sambandið taka þennan kostnað á sig. ÁÞ benti á í þessu sambandi að ef FRÍ tekur kostnaðinn á sig mun það hafa bein áhrif á fjárhagslega getu sambandsins til þess að greiða niður ferðakostnað íþróttamanna á mót erlendis og við því þarf að bregast annaðhvort með því að fækka þeim keppendum sem verða sendir á mótin eða að þeir greiði stærri hluta kostnaðar við mótaþátttökuna. Ákveðið að fresta ákvörðun til næsta stjórnarfundar og að áður en til þess komi fari EV til fundar við forseta og gjaldkera ÍSÍ og geri úrslitartilraun til þess að fá þessi gjöld niðurfelld.



b) Veiting útbreiðslustyrkja til smærri sambandsaðila: Nokkrum sinnum hefur verið rætt í stjórn að sambandið þurfi í auknum mæli að styðja minni sambandsaðila á landsbyggðinni með einhvers konar útbreiðslustyrkjum. Í þessu sambandi hefur verið rætt um að gefa félögum kost á að sækja um slíka styrki sem gætu t.d. gengið á móti kostnaði við þjónustugjöld skv. ákveðnum skilmálum. Mögulegt fyrirkomulag hvernig skuli framkvæma þetta liggur ekki fyrir. Ákveðið að ekki skuli gera ráð fyrir útbreiðslustyrkjum með þessum hætti í ársuppgjöri 2015, og vísa frekari umræðu um málið til komandi ársþings.

4. Ársþing 2016: Ákveðið að halda ársþing sambandsins árið 2016 laugardaginn 30. apríl og sunnudaginn 1. maí 2016 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, Reykjavík. ÁP var falið að boða til þingsins samkvæmt reglugerðum sambandsins í síðasta lagi fimmtudaginn 16. mars. Jafnframt var ákveðið að halda uppskeruhátíð sambandsins laugardagskvöldið 30. apríl. LBH SS og ÁP hafa tekið að sér að undirbúa hátíðina í samstarfi við ÁP. Til framtíðar samþykkir stjórnin að stefnt skuli að því uppskeruhátíð verði haldin í tengslum við Bikarhelgi FRÍ innanhúss.

5. Önnur mál:

5.1. Formannafundur sambandsaðila: EV sagði frá helstu málum sem voru til umræðu á formannafundi sem haldinn var laugardaginn 27. febrúar síðastliðinn. Hann lagði fram til kynningar eftirfarandi skjöl sem voru lögð fram á fundinum:

- a) Yfirlit yfir fjárveitingu afrekssjóðs ÍSÍ til FRÍ, og samanburður við umsóknir sambandsins.
- b) Greinargerð um árangursviðmið fyrir keppnisferðir 2016.
- c) Afreksstefna FRÍ – Inngangur að umræðu.

Þessi skjöl voru lögð fram til kynningar en þau verða unnin áfram og lögð fram til umræðu og frágangs og samþykktar á komandi ársþingi. EV benti á að afar mikilvægt væri fyrir sambandið að samþykkja á þinginu nýja afreksstefnu fyrir sambandið, því að allar styrkveitingar afrekssjóðs ÍSÍ til FRÍ byggðu á því að þau drög að afreksstefnu sem kynnt hefðu verið í umsóknarferli styrkjanna yrðu formlega staðfest á þingi sambandsins. Ekki hefði tekist að samþykkja nýja afreksstefnu sambandsins á þingum þess árin 2012 og 2014 og nú væri afar mikilvægt að bæta úr því.

5.2. Formannafundur Norðurlanda: EV kynnti fund formanna frjálsíþróttasambanda Norðurlandanna sem haldinn verður í Osló helgina 10-11. mars, og að hann hefði með samþykki meirihluta stjórnarmanna samþykkt að bjóða Frey Ólafssyni, formanni frjálsíþróttadeildar Ármanns að taka þátt í fundinum með sér. Spurt var um rök fyrir því að bjóða Frey með á fundin. EV sagði rökin vera þau að hann hefði með tölvupósti til formanna sambandsaðila þann 22. febrúar síðastliðinn gefið upp boltann með það hann væri að íhuga að draga sig úr starfi formanns á komandi ársþingi ef tækist að finna nýjan formann í sambandinu sem góð sátt næðist um. Nú liggur fyrir að Freyr Ólafsson er reiðubúinn að taka þetta embætti að sér og það virðist vera mjög góð sátt um hann í verkefnið. Að hans mati sé mikill fengur fyrir sambandið að svona öflugur og hæfur maður eins og Freyr sé tilbúinn í verkefnið og hann vilji styðja Frey með öllum tiltækum ráðum í undirbúningi fyrir starfið. Við þessar kringumstæður var að hans mati mjög gott tækifæri til þess að kynna Frey fyrir formönnum sambandanna á Norðurlöndum og því



starfi sem þar fer fram. Stjórn samþykkti að FRÍ greiði kostnað vegna þátttöku Freys í fundinum.

- 5.3. **Stórmótahópur ungmenna:** EV kynnti lista yfir íþróttamenn sem skipa A og B hóp í stórmótahópi ungmenna (sjá fylgiskjal um tillögu) og þær skilgreiningar sem gilda um í hvorn hóp fyrir sig. Jafnframt óskaði hann samþykkis fyrir því að kynna forval íþróttamanna, í A hópi stórmótahóps ungmenna, til þátttöku í stórmótaverkefnum þeirra 2016. Einnig var tillaga borin fram um að forvelja Tristan Frey Jónsson til þátttöku á NM U20 í tugþraut sem fram fer í Växjö í Svíþjóð 11.-12. Júní. Og þá horft til framfar hans um 308 stig í sjöþraut á MÍ 2016 og óvissu með veður á hér heima á dögum tugþrautarmóts í maí. Samþykkt.
- 5.4. **Stórmótahópur meistaraflokki:** EV óskaði eftir samþykki stjórnar fyrir því að tilkynna um forval íþróttamanna sem þegar hafa náð lágmarki EAA til þátttöku á EM í Amsterdam og lágmarki IAAF til þátttöku á Ólympíuleikunum í Ríó. Að lokum lagði EV til að forval2 væri skilgreint sem fyrst fyrir mögulega þátttakendur á meistaramóti AASSE á Möltu 11. júní . Samþykkt.
- 5.5. **Forval íþróttamanna -** merkir að íþróttamaðurinn getur hagað undirbúningi sínum fyrir skilgreind verkefni án þess að þurfa að breyta æfingaráformum sérstaklega til að sýna hámarks getu sína í keppni nema að yfirþjálfari íþróttamannsins eða ÍÞA fari sérstaklega fram á það. Ef vafi leikur á um heilbrigði íþróttamannsins þegar nær dregur keppni mun leitað til fagaðila við ákvörðun um þátttökuheimild í keppni. Þeir sem ná árangursviðmiðum EAA og IAAF síðar koma strax inn í hóp stórmótaverkfis sem við á.

I. Stórmótaverkefni meistaraflokkur:

1. ÓL Ríó: Ásdís Hjálmsdóttir og Aníta Hinriksdótti
2. EM Amsterdam: Ásdís Hjálmsdóttir (spjót kast), Aníta Hinriksdóttir (800m), Hafdís Sigurðardóttir (langstökk), Arna Stefanía Guðmundsdóttir (400m grind), Guðni Valur Guðnason (kringlukast).

II. Stórmótaverkefni ungmenna :

1. HM U20 : Tristan Freyr Jónsson (tugþraut), Þórdís Eva Steinsdóttir (400m)
2. EM U18 : Þórdís Eva Steinsdóttir (400m)

Samþykkt.

Feira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 22:15



Fylgiskjal:

Stórmótahópur ungmenna FRÍ

Tillaga um skilgreiningu á Stórmótahópi ungmenna sem náð hafa árangursviðmiði til þátttöku á stærstu aldursflokkamótum ungmenna og stefna á næsta - EM og/eða HM aldursflokkamót.

Stórmótahóp ungmenna skipa þeir íþróttamenn sem náð hafa árangursviðmiði, sem er jafnt eða betra en lágmark EAA og/eða IAAF til þátttöku á Evrópumeistaramóti og/eða heimsmeistaramóti ungmenna og stefna á næsta EM eða HM aldursflokkamót. Þeir sem ná árangursviðmiðum EAA og IAAF komast strax í stórmótahópinn. Samþykkt

Lágmörk EAA og IAAF til þátttöku á EM og HM ungmenna 2016 og 2017 sem lögð eru til grundvallar í forvali eru hér að neðan. Þar til árangursviðmið EAA/IAAF 2017 liggja fyrir miðast skilgreining fyrir vali íþróttamanna í stórmótahóp við lágmörk EAA/IAAF sem giltu á síðasta sambærilega móti. Samþykkt

Lágmörk EAA og IAAF til þátttöku á EM og HM ungmenna 2016 og 2017

- 2016: EM U18 - lágmörk stórmótahóps 2016 - [sjá hér](#)
- 2016: HM U20 - lágmörk stórmótahóps 2016 - [sjá hér](#)
- 2017: EM U20 - viðmið stórmótahóps 2017 - [sjá hér](#) - EAA eftir að staðfesta
- 2017: EM U23 - viðmið stórmótahóps 2017 - [sjá hér](#) - EAA eftir að staðfesta
- 2017: HM U18 - viðmið stórmótahóps 2017- [sjá hér](#) - IAAF eftir að staðfesta

A-Hópur: Þeir sem náð hafa lágmarki EAA eða IAAF eins og að ofan greinir

- Aníta Hinriksdóttir (96), 800m : HM U20 2016 & EM U23 2017
- Arna Stefanía Guðmundsdóttir (95), 400m grindarhlaup: EM U23 2017
- Guðni Valur Valsson(95), kringlukast : EM U23 2017
- Hilmar Örn Jónsson (96) , sleggjukast : HM U20 2016 & EM U23 2017
- Kolbeinn Höður Gunnarsson (95), 400m : EM 23 2017
- Krister Blær Jónsson (95), stangarstökk: EM U23 2017
- Sindri Hrafn Guðmundsson (95), spjótkast: EM U23 2017
- Tristan Freyr Jónsson (97), tugþraut: HM U20 2016
- Þórdís Eva Steinsdóttir (00), 400m: EM U18 2016, HM U20 2016, HM U18 2017

B-Hópur: Þeir sem eru nálægt því að ná lágmarki EAA og /eða IAAF sem að ofan greinir

- Andrea Kolbeinsdóttir (99), 2000m hindrunarhlaup EM U18 2016
- Dagbjartur Jónsson (97), spjótkast: HM U20 2016
- Styrmir Dan Hansen Steinunnarson (99), hástökk: EM U18 2016
- Vigdís Jónsdóttir (96), sleggjukast: EM U23 2017

Samþykkt

- ATH: Á árinu 2017 eru elstu keppendur ungmenna fæddir 1995 og síðar.